

Lög Tennis og badmintonfélags Siglufjarðar. eftir lagabreytingar á aðalfundi 2018.

1. Nafn og markmið.

1.1. Félagið heitir Tennis og badmintonfélag Siglufjarðar og, skammstafað TBS, og hefur heimili og varnarþing í Fjallabyggð.

1.2. Tilgangur félagsins er að vinna að eflingu badmintoníþróttarinnar og stuðla að almennri íþróttaiðkun. TBS er aðili að ÚÍF, BSÍ, UMFÍ og ÍSÍ.

1.3. Félagar geta allir orðið sem lagt hafa fram inntökubeiðni.

2. Aðalfundur

2.1. Aðalfundur skal haldinn fyrir 31. maí ár hvert og skal auglýstur með minnst einnar viku fyrirvara. Í auglýsingu skal dagskrá fundarinnar koma fram. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.

2.2. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagar í TBS sem greitt hafa félagsgjald, iðkendur félagsins, forráðamenn þeirra og meðlimir í stjórn félagsins og hafa þeir einnig atkvæðisrétt.

2.3. Kosningar skulu vera skriflegar nema fundurinn samþykki annað. Einfaldur meirihluti nægir í öllum málum nema í lagabreytingum, þar þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Mál falla á jöfnum atkvæðum.

2.4. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda / félagsfunda og gætir hagsmuna þess. Undirskrift þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmatir ef þrjú stjórnarmenn sækja fundinn. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Formaður boðar til stjórnarfunda.

2.5. Verkefni aðalfundar skulu vera:

2.5.1. Fundarsetning

2.5.2. Kosning starfsmanna (fundarstjóra og fundarritara).

2.5.3. Ársskýrsla formanns og reikningar gjaldkera.

2.5.4. Tillögur um lagabreytingar og önnur mál sem leggja á fyrir fundinn.

2.5.5. Kosning stjórnar og skoðunarmanns reikninga.

2.5.6. Önnur mál löglega uppborin.

2.6. Aðalfundur ákveður eða gefur stjórn vald til að ákveða félagsgjald ár hvert.

2.8. Stjórn TBS getur boðað til félagsfundar ef henni þykir þurfa og henni ber að gera það ef 8 félagsmenn fara fram á það. Meirihluti stjórnar skal vera viðstaddur fundinn.

2.9. Málefni sem félagar óska eftir að tekin verði fyrir á aðalfundi/félagsfundu skulu tilkynnt stjórn a.m.k. 4 dögum fyrir fund.

2.10 Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á aðalfundum/félagsfundum.

3. Hlutverk stjórnar.

3.1. Hlutverk stjórnar er að framkvæma þau mál sem hún álitur vera í anda félagsins og í þess þágu. Hún getur skipað eða látið kjósa í nefndir eftir því sem hún álitur nauðsynlegt.

3.2. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

4. Slit á félaginu

- 4.1. Með tillögu um slit á félaginu skal fara eins og um breytingar á lögum þess.
- 4.2. Eignum félagsins, ef einhverjar eru við slit þess, skal verja til ÚÍF

5. Annað

- 5.1 Að öðru leiti gilda lög ÚÍF, BSÍ, UMFÍ og ÍSÍ.

Samþykkt á aðalfundi TBS, 4. apríl 2018.